

London-Malaga yfirlýsing um  
**fjárfestingu í  
rannsóknum á  
astma**

**STOP  
ASTHMA**



European Federation of Allergy and Airways  
Diseases Patients' Associations



# Inngangur

Astma er sjúkdómur sem hefur áhrif á daglegt líf 30 milljóna Evrópubúa og 300 milljóna manns á heimsvísu. Að auki er gert ráð fyrir aukningu sem nemur 400 milljónum manns um allan heim árið 2025. Lækning hefur hingað til ekki fundist, meðhöndlunarúrræði eru takmörkuð og margt fólk hefur litla stjórn á sjúkdómi sínum og býr hugsanlega við lífshættuleg astmaköst. Auk þess er beinn og óbeinn kostnaður astma fyrir samfélagið verulegur. Áætlað er að heildarbyrði hans fyrir ESB sé um 72 milljarðar evra.

Áhrif astma eru mismunandi eftir löndum Evrópu, en það er ljóst að fjárfesting í rannsóknum á astma og í breytingum á almenntri heilbrigðisþjónustu getur leitt til verulegs ávinnings, til dæmis bætt snemmbúna greiningu og haldið langvinnnum sjúkdómnum í skefjum.

## 30 milljónir


Evrópubúa þurfa að lifa með astma og skertra lífsgæða af þeim sökum



Í Evrópu er heildarkostnaður vegna astma um **17.7 milljarðar evra.**



Algengasti langvinni sjúkdómurinn hjá börnum.



Algengasta ástæðan fyrir fjarvistum úr skóla, ferðum á neyðarmóttöku og sjúkrahúsvistun.



# London-Malaga yfirlýsing um fjárfestingu í rannsóknum á astma

Aðilar að EFA fagna sýn European Asthma Research and Innovation Partnership (EARIP)<sup>1</sup> um að þróa samræmda áætlun fyrir rannsóknir á astma og nýsköpun. Slíkt mun setja Evrópu í fararbrodd við að takast á við stórfelldar áskoranir á heilbrigðis- og samfélagslegu sviði þar sem kastljósið beinist að sjúklingum og almenningi og þannig er tryggt að stefnumótendur, heilbrigðisfagfólk og aðilar innan greinarinnar heyri sjónarmið þeirra.



<sup>1</sup> EARIP er verkefni sem fjármagnað er af ESB. Markmið þess er að draga úr astmatengdum dauðsföllum um 25% innan tíu ára og um 50% innan 20 ára. Samstarfið, sem samanstendur af 12 stofnunum í Evrópu, hefur einnig það að markmiði að fækka innlögnum á sjúkrahús um helming, hraða uppgötvunum á nýjum meðferðum og bæta stjórnun einstaklinga á eigin heilbrigði.

# London-Malaga yfirlýsing um fjárfestingu í rannsóknum á astma

**Sem undirritunaraðilar skuldbindum við okkur að fullu til að stuðla að aukinni fjárfestingu í rannsóknum á astma í Evrópu og höfum við borið kennsl á eftirfarandi lykilsvið þar að lútandi:**

## Greining

**Orsakavaldar og áhættuþættir fyrir astma, einkum hvað varðar alvarlegan astma**

**Stjórnun á astma og meðferðarhaldni**

Við fögnum þróun og innleiðingu svæðis- og landsbundinna astmaáætlana og viðmiða í sumum löndum Evrópu sem hafa stuðlað að bættri stjórnun á astma og eftirtöldu:

- ◆ Bætt lífsgæði sjúklinga
- ◆ Dregið úr sjúkrahúsinnlögnum
- ◆ Dregið úr dauðsföllum vegna astma
- ◆ Veikindadögum fækki og dregið verði úr útgjöldum vegna örorku

Við fögnum alþjóðlegri viðurkenningu á þörf á:

- ◆ Kostnaðarhagkvæmum og nauðsynlegum lyfjum og tækni
- ◆ Bættum heilbrigðiskerfum sem veita sjúklingamiðaða umönnun á öllum sviðum kerfisins eins og undirstrikað hefur verið í WHO 2014 Global Status Report varðandi sjúkdóma aðra en smitsjúkdóma.

## Með þessar forsendur í huga:

### ■ Biðlum við til framkvæmdastjórnar ESB um að:

- ◆ Koma á fót stefnumótandi rannsóknarramma fyrir astma og að opinberum úrræðum og einkaúrræðum megi beina að forgangsrannsóknarsviðum
- ◆ Fjárfesta í rannsóknum á astma í gegnum sértækar auglýsingar eftir tillögum í rammaáætlun Horizon 2020 þar sem tekist er á við þau lykilsvið sem skilgreind eru
- ◆ Fjárfesta í þróun á nýjum lyfjum og meðferðum í gegnum sértæka auglýsingu eftir tillögum í rammaáætlun Innovative Medicine Initiative.
- ◆ Stuðla að og greiða fyrir flutning og aðlögun á bestu evrópsku starfsvenjunum í þróun á landsbundnum/svæðisbundnum astmaáætlunum í Evrópu


### ■ Biðlum við til þingmanna Evrópuþingsins að:

- ◆ Hvetja framkvæmdastjórn ESB til að styðja við rannsóknir á astma
- ◆ Styðja við átak EFA og aðila þess um að auka við fjárfestingu gegn astma innan Evrópu
- ◆ Ganga til liðs við hagsmunahóp Evrópuþingsins varðandi ofnæmi og astma

### ■ Biðlum við til stjórnvalda um að:

- ◆ Greiða fyrir aðgerðum aðila EFA og mæla fyrir því við framkvæmdastjórn ESB að stofnunin styðji ötullega við rannsóknir á astma
- ◆ Hvetja landsbundna fjármögnunaraðila til að auka við landsfjármögnun vegna astma
- ◆ Þróa landsbundnar og svæðisbundnar astmaáætlanir og viðmið
- ◆ Fá astmasjúklinga til að taka þátt í umræðum og viðræðufundum í tengslum við þróun á landsbundnum stefnuáætlunum

# Undirritunaraðilar og kennimerki þeirra



Til að undirrita þessa áskorun um aukið fjárframlag til rannsóknna á sviði astma, vinsamlegast farðu inn á [www.efanet.org/malaga-london-declaration](http://www.efanet.org/malaga-london-declaration)

 #StopAsthma

EFA - European Federation of Allergy and Airways Diseases Patients' Associations

35 Rue du Congrès - 1000 Brussels, Belgium  
Tel.: +32 (0)2 227 2712

[www.efanet.org](http://www.efanet.org)  
E-mail: [info@efanet.org](mailto:info@efanet.org)  
 @EFA\_Patients